

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf.

fyrir árið 2019



Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna bankans og almennings. Stjórnarhættir bankans leggja ennfremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti. Stjórn bankans leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti.

Stjórnarháttayfirlýsing Arion banka hf. (Arion banki eða bankinn) byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur bankans er staðfestur af stjórn.

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Arion banki hlaut viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að undangengnu formlegu mati sem byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland gefa út, fyrst í desember 2015 og aftur í apríl 2019. Viðurkenningin er veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar óháðs aðila á stjórnarháttum bankans, s.s. starfsháttum stjórnar, undirnefnda og stjórnenda. Viðurkenningin gildir í þrjú ár í senn.

Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Arion banka ber samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Bankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015, sem aðgengilegar eru á vefsíðunni www.leidbeiningar.is. Samkvæmt leiðbeiningunum skal greint frá því hvort vikið sé frá hluta þeirra og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávíka. Bankinn fylgir leiðbeiningunum með einu frávíki:

Grein 5.1.2 gerir ráð fyrir því að starfsreglur undirnefnda stjórnar séu birtar á vefsíðu bankans. Starfsreglur lánanefndar stjórnar eru ekki birtar á vefsíðu bankans með tilliti til eðlis þeirra.

Tilnefningarnefnd Arion banka hefur það hlutverk að styðja við góða stjórnarhætti bankans og auðvelda upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við val á stjórnarmönnum, með það að markmiði að stjórnarmenn hafi víðtæka og fjölhæfa þekkingu og reynslu. Tilnefningarnefnd er ætlað að vera ráðgefandi við val á stjórnarmönnum auk þess að leggja fram tillögu um þóknun stjórnar. Á aðalfundi bankans þann 20. mars 2019 voru tveir nefndarmenn í tilnefningarnefnd kjörnir, þeir Christopher Felix



Johannes Guth og Sam Taylor. Á hluthafafundi þann 9. ágúst 2019 var Júlíus Þorfinnsson kjörinn í tilnefningarnefnd í stað Christopher Felix Johannes Guth. Þriðji nefndarmaður tilnefningarnefndar er tilnefndur af stjórn í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar og er það varaformaður stjórnar, Herdís Dröfn Fjeldsted.

Lagarammi um starfsemina

Arion banki er fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þau lög sem gilda að auki um starfsemi bankans eru m.a. lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestingasjóði nr. 128/2011, lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, lög um neytendalán nr. 33/2013, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutfélag nr. 2/1995.

Bankinn er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum sínum t.d. þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Bankinn var skráður á markað á Nasdaq Íslandi og Nasdaq Svíþjóð þann 15. júní 2018. Þá hefur bankinn gefið út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, á Íslandi og í Lúxemborg. Bankinn fellur því undir upplýsingaskyldu útgefanda skv. lögum um verðbréfavíðskipti og samkvæmt reglum viðkomandi kauphalla.

Fjármálaeftirlitið (FME), sem frá og með 1. janúar 2020 er hluti af Seðlabanka Íslands, hefur eftirlit með starfsemi Arion banka á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari upplýsingar um FME og yfirlit yfir helstu lög og reglur sem gilda um bankann á hverjum tíma, auk leiðbeinandi tilmæla eftirlitsins, má finna á heimasíðu Seðlabankans, www.sedlabanki.is. Í starfsemi bankans reynir jafnframt á ýmsa aðra löggjöf sem tengist rekstri fjármálafyrirtækja og fyrirtækja almennt.

Innra eftirlit, endurskoðun og reikningskil

Innra eftirlit

Innra eftirlit Arion banka er skipulagt út frá þremur varnarlinum (e. three lines of defense), með það að markmiði að tryggja skilvirkni verka, skilgreina ábyrgð og samræma áhættustýringu og innra eftirliti. Skipulaginu er auk þess ætlað að stuðla að bættari áhættuvitund og ábyrgð starfsmanna bankans.

Aðferðafræðin greinir á milli eftirfarandi hlutverka:

- þau sem bera ábyrgð á áhættu og stýra henni
- þau sem hafa eftirlit og aðhald með innra eftirliti
- þau sem framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits

Í fyrstu varnarlinu eru þau sem hafa daglega umsjón með rekstri og skipulagi. Þau bera ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Í þessu felst m.a. að greina og meta áhættu og koma á viðeigandi mótvægisáðgerðum til að draga úr henni. Fyrsta varnarlina hefur umsjón með innleiðingu innri reglna og ferla í samræmi við lög, reglur sog stefnu bankans og ber að tryggja að framkvæmd sé í samræmi við sett verklag og að gripið sé til viðeigandi úrbóta ef veikleikar koma í ljós.



Annari varnarlinu er falið að tryggja að fyrsta varnarlinan komi á fullnægjandi innra eftirliti sem virkar sem skyldi. Áhættustýring og regluvarsla eru helstu þættirnir í annari varnarlínunni en öðrum einingum kann einnig að vera falið tiltekið eftirlitshlutverk.

Þriðja varnarlinan er innri endurskoðun, sem heldur stjórn og stjórnendum upplýstum um gæði stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits, m.a. með framkvæmd sjálfstæðrar og óháðrar endurskoðunar.

Regluvarsla

Regluvarsla er sjálfstæð eining sem heyrir undir bankastjóra og starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn.

Meginhlutverk regluvörslu er að draga úr hættu á því að reglur séu brotnar í rekstri bankans með



fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá sér regluvarsla um að samhæfa aðgerðir bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til að draga úr hættu á því að þjónusta bankans sé notuð í ólögnum tilgangi. Í september 2019 tók regluvörður einnig við hlutverki persónuverndarfulltrúa. Arion banka er umhugað um persónuvernd og réttindi viðskiptavina sem varða persónuupplýsingar og að persónuupplýsingar séu unnar með lögnum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti. Bankinn hefur sett sér persónuverndarstefnu sem er að finna á vefsíðu bankans.

Regluvarsla starfar samkvæmt áhættumiðaðri starfsáætlun samþykktari af stjórn þar sem meðal annars er kveðið á um reglulegt eftirlit og reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um þau lög og reglur sem bankinn starfar eftir. Regluvarsla veitir stjórn skýrslu um verksvið sitt ársfjórðungslega.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu bankans.

Áhættustýring

Mikilvægur þáttur í starfsemi allra fjármálafyrirtækja er að taka áhættu að vel yfirveguðu máli og samkvæmt fyrirfram skilgreindri stefnu. Þannig tekur Arion banki áhættu sem rúmast innan áhættuvilja (e. risk appetite) bankans sem er reglulega endurskoðaður og samþykktur af stjórn bankans. Sá áhættuvilji sem stjórn setur bankanum speglast í útlána- og áhættuheimildum sem áhættustýringarsvið bankans hefur eftirlit með. Stjórn ber ábyrgð á innra matsferli bankans fyrir eiginfjárbörf, en meginmarkmið ferlisins er að tryggja skilning á heildaráhættu bankans og tryggja að til staðar séu viðeigandi kerfi til að greina, mæla og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans.

Áhættustýringarsvið bankans starfar undir stjórn framkvæmdastjóra áhættustýringar. Sviðið er sjálfstæð stjórnunareining og ber beina ábyrgð gagnvart bankastjóra. Innan áhættustýringarsviðs starfa þrjár einingar sem gegna því hlutverki að greina, fylgjast með og gefa reglulega upplýsingar um áhættu bankans til bankastjóra og stjórnar.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu er að finna í ársskýrslu og í áhættuskýrslu bankans.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er skipaður af stjórn og heyrir beint undir hana. Stjórn setur innri endurskoðanda erindisbréf sem skilgreinir ábyrgð og umfang vinnu hans. Hlutverk innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur bankans. Endurskoðunin nær yfir bankann sjálfan, dótturfélög og lífeyrissjóði í rekstri hans.

Erindisbréf innri endurskoðanda, leiðbeinandi tilmæli FME um störf endurskoðunardeilda fjármálafyrirtækja og alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun móta störf innri endurskoðunar.

Reikningsskil og endurskoðun

Fjármálasvið Arion banka sér um gerð reikningsskila og eru þau gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Bankinn birtir uppgjör sín ársfjórðungslega en að jafnaði eru stjórnendauppgjör lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári. Endurskoðunarnefnd stjórnar tekur árs- og árs hlutareikninga bankans til skoðunar auk þess sem ytri endurskoðendur kanna og endurskoða reikningsskilin tvisvar á ári. Endurskoðunarnefnd stjórnar gefur álit sitt á reikningsskilunum til stjórnar, sem samþykkir og undirritar birt reikningsskil.

Hornsteinar og siðareglur

Hornsteinar Arion banka eru heiti yfir gildi bankans. Hornsteinarnir eiga að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku og í öllu sem starfsfólk bankans gerir og segir. Þeir koma inn á hlutverk, hugarfar og hegðun. Hornsteinar Arion banka eru gerum gagn, látum verkin tala og komum hreint fram.

Stjórnendur og starfsfólk Arion banka er meðvitað um þá staðreynd að starfsemi bankans snertir mismunandi hagsmunaaðila og samfélagið í heild. Siðareglur bankans eru hugsaðar sem viðmið fyrir starfsfólk til að stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku innan bankans. Siðareglurnar eru samþykktar af stjórn bankans.

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Yfirskrift stefnu bankans um samfélagsábyrgð er „saman látum við góða hluti gerast“ og felur meðal annars í sér að bankinn vilji vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, efnahagslífi og því samfélagi sem bankinn starfar í.

Arion banki sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að gera viðskiptavinum gagn og sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki af kostgæfni og ábyrgð. Arion banki tekur virkan þátt í samfélaginu og uppbyggingu þess. Fjármálafyrirtæki eru ein af stöðum samfélagsins og hlutverk bankans er að styðja viðskiptavinum sína, bæði einstaklinga og fyrirtæki, í að ná sínum markmiðum. Arion banki leggur áherslu á samngirni með hagsmuni viðskiptavina, starfsfólks, fjárfesta og samfélagsins alls að leiðarljósi.

Arion banki hefur um árabíl verið aðili að Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, og frá árinu 2014



verið aðili að Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact. Árið 2015 undirritaði bankinn lofslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og hefur frá árinu 2016 birt umhverfisuppgjör bankans. Árið 2016 varð bankinn aðili að UN Global Compact, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu ábyrgra starfshátta, og frá árslokum 2017 hefur bankinn unnið eftir meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI). Í september 2019 gerðist bankinn aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) en markmið meginreglnanna er að tengja bankastarfsemi við alþjóðleg markmið og skuldbindingar á borð við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið.

Starfsemi Arion banka fellur undir ákvæði ársreikningalaga um ófjárhagslega upplýsingagjöf þar sem fjallað er m.a. um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Við ófjárhagslega upplýsingagjöf er í ársskýrslu bankans notast við Global Reporting Initiative staðlinn, GRI Core, og viðmið Nasdaq á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Í desember 2019 samþykkti stjórn bankans nýja umhverfis- og loftslagsstefnu. Í stefnunni kemur meðal annars fram að bankinn muni beina sjónum sínum að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni innviðauppbyggingu, að bankinn geri þá kröfu til birgja að þeir taki mið af umhverfis- og loftslagsáhrifum í sinni starfsemi og að bankinn ætli að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030.

Frekari upplýsingar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni Arion banka má finna í ársskýrslu bankans fyrir árið 2019.

Stjórn og undirnefndir

Stjórn Arion banka fer með æðsta vald í málefnum bankans á milli hluthafafunda samkvæmt lögum, reglum og samþykktum bankans. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar, þ.e. tekur ákvarðanir um mál sem eru óvenjuleg eða meiriháttar. Þá er ein af meginskyldum stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi bankans. Helstu verkefni, skyldur og hlutverk stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru m.a. með vísan til 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykktu bankans. Starfsreglur stjórnar má finna á vefsíðu bankans.

Stjórn Arion banka ræður bankastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Stjórn bankans og bankastjóri leggja sig fram um að sinna störfum sínum af heilindum og tryggja að bankinn sé rekinn á heilbrigðan og traustan hátt með hagsmuni viðskiptavina, samfélagsins, hluthafa og bankans sjálfs að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Þá sér bankastjóri til þess að stjórn fái fullnægjandi stuðning til að sinna skyldum sínum.

Stjórn Arion banka er að jafnaði kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi bankans, þann 20. mars 2019, voru kjörnir sex stjórnarmenn auk þriggja varamanna. Á hluthafafundi sem haldinn var þann 9. ágúst 2019 voru kjörnir tveir stjórnarmenn, Paul Horner og Gunnar Sturluson. Benedikt Gíslason, sem setið hafði í stjórn bankans frá árinu 2018, sagði sig úr úr stjórn bankans samhliða því að hann var ráðinn bankastjóri bankans.

Stjórnarmenn Arion banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og mikil breidd er í hæfni þeirra, reynslu og þekkingu. Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðal- og varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Núverandi stjórn er skipuð fjórum körlum og þremur konum.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru birtar á vefsíðu bankans fyrir aðalfund eða hlutafund þar sem kjör stjórnarmanna er á dagskrá. Fundargerðir aðalfunda og hluthafafunda eru jafnframt birtar á heimasíðu bankans.

Stjórn hittist að lágmarki tíu sinnum á ári. Árið 2019 fundaði stjórn Arion banka 14 sinnum. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Stjórnarformaður stýrir fundum stjórnar og sér til þess að nægur tími fari í umræðu mikilvægra mála og að mál sem snúa að stefnumótun séu rædd ítarlega. Stjórnarformanni er ekki heimilt að taka að sér önnur störf fyrir bankann nema þau séu eðlilegur hluti af skyldum hans.

Samkvæmt starfsreglum Arion banka er stjórn bankans heimilt að setja á fót undirnefndir til að fjalla um tiltekna þætti í rekstri bankans. Eigi síðar en mánuði eftir aðalfund skipar stjórn nefndarmenn í undirnefndir úr sínum röðum ásamt því að meta hvort ráða beri utanaðkomandi nefndarmenn í einstakar undirnefndir með það að markmiði að styrkja starf þeirra með aukinni sérfræðiþekkingu. Einn nefndarformaður endurskoðunarnefndar stjórnar, Heimir Þorsteinsson, er ekki stjórnarformaður en hann er óháður bæði bankanum og hluthöfum hans.



Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- **Endurskoðunarnefnd:** Meginhlutverk hennar er m.a. að yfirfara árs- og árshlutauppgjör bankans til að tryggja gæði þeirra upplýsinga sem þar koma fram og tryggja óhæði endurskoðenda félagsins. Þá aðstoðar nefndin stjórn við að tryggja skilvirkt innra eftirlit og regluvörslu og að skýrslugjöf til endurskoðenda félagsins sé í samræmi við lög og reglur. Nefndin fundaði sex sinnum á árinu.
- **Áhættunefnd:** Meginhlutverk hennar snýr að áhættustjórnun, m.a. að meta áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Nefndin skal jafnframt þekkja áhættumöt og aðferðir til að stjórna áhættu bankans. Haldnir voru átta fundir í nefndinni á árinu auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur með starfskjaranefnd stjórnar.
- **Lánanefnd:** Meginhlutverk lánanefndar er að fjalla um lánamál sem eru umfram þær heimildir sem undirnefndir hennar hafa. Lánanefnd fundaði 16 sinnum á árinu.
- **Starfskjaranefnd:** Meginhlutverk hennar er að veita stjórn ráðgjöf vegna starfskjara bankastjóra og annarra starfsmanna sem ráðnir eru beint af stjórn. Regluleg verkefni á fundum nefndarinnar eru m.a. endurskoðun á starfskjarastefnu, starfsmannastefnu, launadreifingu og endurskoðun á hvatakerfi, sé það til staðar. Hluthafafundur yfirfer og samþykkir starfskjarastefnu bankans árlega. Nefndin fundaði fjórum sinnum á árinu auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur með áhættunefnd stjórnar.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um helstu störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum en auk þess hefur stjórn aðgang að öllum gögnum og fundargerðum undirnefnda.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnar- og nefndarmanna.

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn (14)		Áhættunefnd (9)	Lánanefnd (16)	Starfskjaranefnd (5)
Eva Cederbalk ¹	1. jan.–20. mars.	4	-	-	3	-
Brynjólfur Bjarnason	1. jan.–31. des.	14	3	-	15	2
Herdís D. Fjeldsted	1. jan.–31. des.	14	6	-	-	5
Benedikt Gíslason ²	1. jan.–26. jún.	5	-	3	-	3
Gunnar Sturluson	9. ág.–31. des.	4	-	-	5	-
Liv Fiksdahl	20. mars–31. des.	9	-	-	-	2
Máns Höglund ³	1. jan.–20. mars.	4	-	4	3	-
Renier Lemmes	20. mars–31. des.	9	2	3	-	-
Paul Horner	9. ág.–31. des.	4	-	3	-	-
Steinunn Kr. Þórðardóttir	1. jan.–31. des.	14	-	9	15	-
Ólafur Ö. Svansson	1. jan.–31. des.	7	-	1	1	3
Sigurbjörg Á. Jónsdóttir	1. jan.–31. des.	1	-	-	-	-
Þórarinn Þorgeirsson	1. jan.–20. mars.	-	-	-	-	-
Þröstur Ríkhartsson	20. mars–31. des.	1	-	-	-	-
Heimir Þorsteinsson	26. júl.–31. des.	-	6	-	-	-

¹ Eva Cederbalk lét af störfum í stjórn bankans þann 20. mars 2019.

² Benedikt Gíslason sagði sig úr stjórn þann 26. júní 2019 en hann tók við starfi bankastjóra þann 1. júlí 2019.

³ Máns Höglund lét af störfum í stjórn bankans þann 20. mars 2019.







Stjórn Arion banka

Brynjólfur Bjarnason
 Herdís Dröfn Fjeldsted
 Gunnar Sturluson
 Liv Fiksdahl
 Paul Horner
 Renier Lemmens
 Steinun Kristín Þórðardóttir

Stjórnskipun Arion banka





Brynjólfur Bjarnason, formaður

Brynjólfur er fæddur árið 1946. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi 20. nóvember 2014. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Brynjólfur er formaður stjórnar, starfskjaranefndar og lánanefndar stjórnar. Brynjólfur útskrifaðist með MBA-gráðu frá University of Minnesota árið 1973. Hann útskrifaðist með cand.oecon.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1971.

Brynjólfur hefur starfað m.a. sem framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands, forstjóri Skipta, forstjóri Símans og sem forstjóri Granda hf. Hann starfaði jafnframt sem framkvæmdastjóri AB bókaútgáfu og sem forstöðumaður hagdeildar VSÍ. Brynjólfur hefur mikla reynslu af stjórnarsetu og hefur setið í fjölmörgum stjórnnum í gegnum tíðina og gegnt stjórnarformennsku í nokkrum þeirra. Í dag situr Brynjólfur sem varamaður í stjórn Fergusson ehf. og stjórnarmaður í Marinvest ehf. og ISAL hf.



Herdís Dröfn Fjeldsted, varaformaður

Herdís er fædd árið 1971. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 15. mars 2018. Herdís er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Herdís er varaformaður stjórnar, formaður endurskoðunarnefndar og situr í starfskjaranefnd stjórnar. Herdís er formaður stjórnar Valitor, dótturfélags Arion banka, og situr í starfskjaranefnd stjórnar Valitor.

Herdís útskrifaðist með BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðamarkaðssetningu úr Tækniháskóla Íslands árið 2004 og með meistaragráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Herdís er auk þess með próf í verðbréfavíðskiptum.

Herdís starfaði sem forstjóri Framtakssjóðs Íslands (FSÍ) frá 2014 en fyrir þann tíma starfaði hún sem fjárfestingarstjóri hjá FSÍ. Áður en hún hóf störf hjá Framtakssjóði Íslands starfaði hún sem sérfræðingur í fjárfestingaráðgjöf hjá Thule Investments. Herdís hefur einnig setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja m.a. sem stjórnarformaður VÍS hf., stjórnarformaður Icelandic Group, varaformaður stjórnar Promens og sem stjórnarmaður hjá Invent Farma, Medicopack A/S, Icelandair Group og Copeinca AS. Þá er Herdís meðlimur í Exedra. Í dag situr Herdís í stjórn Íslensk-kanadíska viðskiptaráðsins.



Gunnar Sturluson

Gunnar er fæddur árið 1967. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 9. ágúst 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Gunnar situr í lánanefnd stjórnar.

Gunnar útskrifaðist með Cand.Jur gráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992, útskrifaðist með LL.M gráðu frá Háskólanum í Amsterdam árið 1995 og hlaut málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 1999.

Gunnar starfaði fyrir Málflutnings-skrifstofuna árin 1992–1999 og var meðeigandi stofunnar frá 1995. Hann hefur starfað hjá LOGOS lögmannsþjónustu frá árinu 2000 sem meðeigandi og starfaði sem faglegur framkvæmdastjóri 2001–2013. Gunnar sinnti stundakennslu í samkeppnisrétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995–2007.

Gunnar hefur sinnt ýmsum stjórnarstörfum og var meðal annars stjórnarmaður í GAMMA hf. 2017–2019, stjórnarformaður Ríkisútvarpsins ohf. 2016–2017, var stjórnarmaður í gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands, forseti FEIF, alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga frá 2014, stjórnarformaður Íslenska dansflokksins 2013–2016 og kjörinn í landskjörstjórn af Alþingi 2013–2017.





Liv Fiksdahl

Liv er fædd árið 1965. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á aðalfundi 20. mars 2019. Hún er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Liv situr í starfskjaranefnd stjórnar.

Liv útskrifaðist með gráðu í Fjármálum og stjórnun frá Trondheim Business School (í dag NTNU) árið 1986. Árið 2018 kláraði Liv Programs in Big Data-Strategic Decisions and Analysis, The Innovative Technology Leader and Design Thinking frá Stanford University og Advanced Management Program for Executives in Management, Innovation and Technology frá Massachusetts Institute of Technology (MIT).

Í dag starfar Liv sem aðstoðarforstjóri innan fjármálaþjónustu hjá Capgemini Invent í Noregi og situr í situr Scandinavian Airlines SAS AB, Posten Norge AS og Intrum AB. Liv gegndi áður ýmsum stjórnarstöðum hjá DNB og var hluti af framkvæmdastjórn bankans í 10 ár, m.a. sem aðstoðarframkvæmdastjóri upplýsingatækni- og rekstrarsviðs (e. Group EVP, CIO/COO) og aðstoðarframkvæmdastjóri rekstrarsviðs (Group EVP, COO and Operations). Liv hefur viðtæka reynslu frá DNB og hefur haft gegnt ýmsum öðrum stöðum hjá bankanum. Fyrir það starfaði Liv m.a. sem viðskiptastjóri fyrirtækja hjá Danske Bank/Fokus Bank og Svenska Handelsbanken. Liv hefur setið í fjölmörgum stjórnnum, m.a. hjá BankAxept, Sparebankforeningen, Doorstep, Finans Norge og í bæjarstjórn sveitarfélagsins Þrándheim.



Paul Horner

Paul er fæddur árið 1962. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á hluthafafundi þann 9. ágúst 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Paul situr í áhættunefnd stjórnar.

Paul útskrifaðist með meistaraþáttum í tónlist frá University of Oxford árið 1983 og er félagi í UK Chartered Institute of Bankers.

Paul starfaði hjá Barclays PLC frá árinu 1988 til 2003 við ýmis stjórnunarstörf og áhættustýringu. Árið 2003 hóf Paul störf hjá The Royal Bank of Scotland Group (RBS) þar sem hann sinnti störfum framkvæmdastjóra og öðrum yfirmannsstöðum hjá Royal Bank of Scotland PLC. Paul var jafnframt skipaður í ýmsar stjórnunarstöður m.a. á sviði áhættustýringar til júní 2019.

Á árunum 2012 til 2017 gegndi Paul stöðu yfirmanns áhættustýringar hjá Coutts & Co Ltd. og stöðu framkvæmdastjóra Coutts & Co Ltd, Zurich frá 2016 til 2017. Paul var framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Ulster Bank DAC, Dublin, og er í dag stjórnarmaður í Coutts & Co Ltd í Zurich.



Renier Lemmens

Renier er fæddur árið 1964. Hann var fyrst kjörinn í stjórn Arion banka á aðalfundi 20. mars 2019. Hann er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Renier situr í endurskoðunarnefnd og áhættunefnd stjórnar. Renier á sæti í stjórn Valitors, dótturfélags Arion banka, og er formaður áhættu- og eftirlitsnefndar stjórnar Valitor.

Renier er með MBA gráðu frá INSEAD og meistaraþáttum í tölvunarfræði frá Delft University of Technology.

Í dag starfar Renier sem prófessor í fjármálatækni og nýsköpun (e. FinTech and Innovation) hjá London Institute of Banking and Finance og er stjórnarformaður í TransferGo og Divido. Renier hefur m.a. starfað sem forstjóri Viadeo SA, var hluthafi hjá Ramphastos Investments, forstjóri (CEO EMEA) hjá PayPal, forstjóri Amodo Consumer Finance, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs International Retail & Commercial Banking hjá Barclays Bank og sem Consumer Finance Officer hjá GE Capital ásamt því að hafa starfað hjá McKinsey & Company. Þá hefur Renier setið í fjölmörgum stjórnnum, m.a. Revolut, Zenith Bank Ltd., Novum Bank Ltd. sem formaður stjórnar, Antenna Company Ltd., Robin Mobile BV, VoiceTrust BV, Krefima NV og Arenda BV sem formaður stjórnar, ZA Life Assurance NV, First Caribbean International Bank og sem formaður stjórnar og forstjóri Budapest Bank.





Steinunn Kristín Þórðardóttir

Steinunn er fædd árið 1972. Hún var fyrst kjörin í stjórn Arion banka á hluthafafundi 30. nóvember 2017. Steinunn er ekki hluthafi í bankanum og er óháður stjórnarmaður. Steinunn er með meistargráðu í alþjóðlegri stjórnun (MIM) frá Thunderbird, Arizona og BA gráðu í alþjóðaviðskiptum og stjórn málafræði frá University of South Carolina.

Steinunn starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Beringer Finance í Noregi auk þess að gegna stöðu forstöðumanns alþjóðadeildar fyrirtækisins á sviði matvæla og sjávarfangs þar til í október 2017. Þá stofnaði Steinunn ráðgjafafyrirtækið Akton AS í Noregi 2010 og var framkvæmdastjóri þess til 2015. Hún starfaði áður hjá Íslandsbanka (síðar Glitni), fyrst sem forstöðumaður alþjóðalánveitinga og síðar sem framkvæmdastjóri bankans í Bretlandi. Steinunn sat áður í ýmsum stjórnunum í Evrópu og var í stjórn Bankasýslu ríkisins árið 2011. Í dag er Steinunn stjórnarformaður Acton Capital AS og Akton AS og situr í stjórn Cloud Insurance AS. Hún situr jafnframt í stjórn Norsk-íslenska viðskiptaráðsins. Þá situr Steinunn í tilnefningarnefnd Símans.

Varamenn í stjórn:

Ólafur Örn Svansson, hæstaréttarlögmaður, Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, lögfræðingur og Þröstur Ríkhartsson, hæstaréttarlögmaður.

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn má finna á vefsíðu bankans.

Samskipti stjórnar og hluthafa

Meginvettvangur upplýsingagjafar og tillagna sem stjórn Arion banka leggur fyrir hluthafa er á löglega boðuðum hluthafafundi en samskipti milli stjórnar og hluthafa á milli funda fara að öðru leyti eftir skilvirku og aðgengilegu fyrirkomulagi. Allar upplýsingar sem skilgreinast sem viðkvæmar markaðsupplýsingar eru birtar í kauphallartilkynningum sem MAR tilkynningar. Bankinn skipuleggur jafnframt ársfjórðungslega fundi fyrir markaðsaðila þar sem bankastjóri, fjármálastjóri og fulltrúar fjárfestatengsla kynna árshlutauppgjör bankans.



Bankastjóri⁴

Benedikt Gíslason

Benedikt er fæddur árið 1974. Hann tók við starfi bankastjóra Arion banka 1. júlí 2019.

Benedikt hóf störf hjá FBA (síðar Íslandsbanka) árið 1998, sinnti margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Straumi-Burðarás, var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá FL Group og framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs MP banka. Benedikt starfaði um tíma sem ráðgjafi hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og var varaformaður starfshóps stjórnvalda um afnám fjármagnshafta á árunum 2013–2016. Hann sat í stjórn Kaupþings á árunum 2016–2018 og var ráðgjafi Kaupþings í málefnum Arion banka. Hann tók sæti í stjórn Arion banka í september 2018 og var í stjórn bankans þar til hann tók viðstarfi bankastjóra þann 1. júlí 2019.

Benedikt útskrifaðist með C.Sc. gráðu í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1998.

⁴ Höskuldur H. Ólafsson gegndi starfi bankastjóra til 30. apríl 2019.





Framkvæmdastjórn⁵

Auk bankastjóra sitja eftirfarandi einstaklingar í framkvæmdastjórn Arion banka:

- Ásgeir H. Reykþjörð Gylfason, aðstoðarbankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs
- Gísli S. Óttarsson, framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs
- Iðja Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs
- Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri markaða
- Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Upplýsingar um brot á lögum og reglum og dómsmál

Arion banka hefur ekki verið synjað um skráningu, heimild, aðild eða leyfi til þess að stunda tiltekin viðskipti eða starfsemi. Bankinn hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar, aðildar eða leyfis. Upplýsingar um helstu dómsmál tengd Arion banka auk sáttar við Fjármálaeftirlitið er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Stjórn Arion banka uppfærir stjórnarháttayfirlýsingu bankans árlega.

Stjórnarháttar yfirlýsing Arion banka var yfirfarin og samþykkt af stjórn bankans á fundi hennar 12. febrúar 2020.

⁵ Jónína S. Lárusdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs til 16. september 2019. Rákel Óttarsdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra upplýsingatækisviðs til 20. september 2019.

